

**Nd.**

**127. Nefndarálit**

um frv. til laga um fræðslu barna.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Frumvarp þetta gerir nokkrar verulegar umbætur á núverandi fræðslufyrirkomulagi, án þess þó að raska grundvelli þess og án þess sjæð verði, að af því leiði aukinn kostnaður, einkum ef breytingartillaga minni hlutans við 7. gr. verður samþykkt.

Þessar umbætur eru:

Fræðslukröfurnar eru nokkuð auknar, þó ekki svo, að af því þurfi að leiða aukin skólaganga, einkum þar sem ætlast er til, að betra eftirlit verði með heimafræðslu barna innan við 10 ára aldur, og má því ætla, að börnin komi betur undirbúin í skólann. Próf eiga samkvæmt frumvarpinu að ná til 8 ára aldurs. Á þetta atriði verður að leggja mikla áherslu, því með þessu eina móti getur skólanefnd án kostnaðar haft eftirlit með því, að heimilin geri skyldu sína hvað snertir kenslu barna innan 10 ára. Samkvæmt frumvarpinu verður betra eftirlit en nú með því, að ákvæðum fræðslulaganna sje fullnægt, bæði vegna prófskyldu barna 8—10 ára og einnig vegna þess, að samkvæmt því á yfirstjórn fræðslumálanna að skipa formann skólanefndar, og getur því haft meiri áhrif en áður. Frumvarpið greinir ekki á milli skólahjæraða og fræðsluhjæraða, en sú aðgreining hefir sumstaðar reynst óheppileg, t. d. þar sem í sama hreppnum hefir verið bæði skólahjærað og fræðsluhjærað. Undanþágan, sem gerð var frá fræðslulögunum 1922, hefir orðið til þess, að sumstaðar hefir kensla fallið niður með öllu, og verður að telja það illa farið. Þessari undanþágu er að visu haldið í 7. gr. frumvarpsins, en þó ætti að vera nokkru meiri trygging en áður fyrir því, að fræðslukröfunum verði fullnægt.

Minni hlutinn leggur hinsvegar til, að nokkrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Er t. d. óþarft að setja nánari reglur um lestur barna en að þau skuli vel læs. Óþarft er og að taka til blaðsíðufjölda í kristnum fræðum fremur en öðrum námsgreinum. Þó æskilegt sje, að börnum sje veitt nokkur æfing í teikningu, þá kann víða að vera erfitt að koma því við. Ekki er vert að hafa í fræðslulögum ákvæði um verklegt uppeldi barna á heimilum, en hinsvegar er

nauðsynlegt í öllum skólum að leggja nokkra stund á líkamsæfingar, enda auðvelt að koma við einföldum líkamsæfingum án áhalda eða sjerstaks útbúnaðar. Vegna fjárhagsörðugleika virðist enn ekki kominn tími til að lengja kenslutíma þeirra barna, sem farkenlu njóta. Óviðfeldið virðist, að kennari sitji í þeirri nefnd, sem hefir yfir honum að segja, enda ekki þörf, þar sem hann er að sjálfsögðu ráðunautur nefndarinnar.

Samkvæmt ofanrituðu leggur minni hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfylgjandi

#### BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
  - a. Orðin »latneskt letur og gotneskt« í tölul. 1 falli niður.
  - b. Orðin »sem svarar 300 bls. í 8 bl. broti« í tölul. 3 falli niður.
  - c. Aftan við tölulið 9 komi: Þó má veita undanþágu frá þessu, ef ástæða þykir.
  - d. 10. tölul. orðist svo: að hafa lært almennar líkamsæfingar.
2. Við 7. gr. Í staðinn fyrir orðin »12 vikur« í fyrri málslið komi: 8 vikur.
3. Við 24. gr.
  - a. Í stað orðanna »Skipar yfirstjórn ... .. hreppsnefnd (bæjarstjórn)« í fyrstu málsgr. komi: Skipar yfirstjórn fræðslumála einn mann í nefndina, er sje formaður hennar, tvo kys hreppsnefnd (bæjarstjórn).
  - b. Í stað orðanna »hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, kjósa einn mann saman, en« í þriðju málsgr. komi: hver hreppsnefnd kys einn mann, og«.

Alþingi, 13. mars 1924.

Bernh. Stefánsson,  
frsm.

Ásgeir Ásgeirsson.